

Fiskeldi á Suðurlandi

„Margt styður það að stuðla ætti að auknu bleikjueldi á Suðurlandi. Arðbært eldi á bleikju myndi ýta undir búsetu á svæðinu á tímum minnkandi hefðbundins landbúnaðar. Stutt er á milli vænlegra eldisstaða og samgöngur mjög góðar árið um kring sem gerir alla þjónustu við reksturinn auðveldari. Einnig myndi fjölgun eldisfyrirtækja efla og festa í sessi alla þá þjónustu sem slíkur rekstur þarf á að halda.“

Þessi tilvitnun er úr skýrslu sem var gefin út árið 2009 – Staða bleikjueldis og framtíðarhorfur og má finna á vef Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Skyrslur/Stada_bleikjueldis_og_framtidarhorfur_2009.pdf

Frá 2010 hefur framleiðsla í bleikjueldi aukist. Samkvæmt Matvælastofnun er 21 fiskeldisstöð með starfs- og rekstrarleyfi á Suðurlandi, þar af eru 15 í bleikjueldi.

FISKELDISSTÖÐVAR Á SUÐURLANDI	Staðsetning:		Fisktegund	Umfang: tonn
Dýrfiskur hf. - klakstöð (tóku yfir Fiskalón í apríl 2014)	Fiskalóni	Hveragerði	Bleikja	35
Dýrfiskur hf. - seiðastöð	Bakka II -	Hveragerði	Bleikja	< 5
Íslandsbleikja ehf. - seiðastöð - í leigu Samherja h.f.	Öxnalæk	Hveragerði	Bleikja - Lax	50
Íslandslax hf. - seiðastöð - í leigu Samherja h.f.	Núpum III	Hveragerði	Bleikja	70
Eldisst. Íspór ehf. - seiðastöð (Höfu eldi í feb. 2010) - Fjarðalax, Fiskeldi Austfjarða	Nesbraut 25	Ölfus	Lax	100
Náttúra fiskirækt ehf. - áframeldi, (eldi síðan 2012, Fiskiðjan, Sauðárkrúki)	Laxabraut 5	Ölfus	Bleikja	150
Sæbýli ehf. - klak-, lírfu- og áframeldi	Búðarstíg 23	Eyrarbakki	Sæeyru	< 5
Bleikjubær ehf. - áframeldi - (Höfu eldi 1. feb. 2010)	Eyjarlandi	Bláskógabyggð	Bleikja	10
Seiðaelldisst. Spóastöðum (Einungis klakfiskur og síðan öllu sleppt á kviðpokastigi.)	Spóastöðum	Bláskógabyggð	Lax	< 5
Fiskeldisstöðin Tungufelli (Er einungis með klakfiska, öllu sleppt á kviðpokastigi)	Tungufelli	Hrunamannahr.	Lax	< 5
Fjallableikja ehf. - seiði til sölu (20%) og eigið áframeldi	Hallkelshólum	Gríms. /Grafh. hr.	Bleikja	100
Klakhúsið Laugarböðkum - (Einungis kreisting á villtum klakfiski)	v/Ingólfsfjall	Selfoss	Lax	< 5
Lækjarbotnbleikja - áframeldi	Lækjarbotnum	Ytri Rángárþ.	Bleikja	12
Íslensk Matorka ehf. - áframeldi (Fyrsta tilapian kom í lok jan. 2011)	Fellsmúla	Ytri Rángárþ.	Bleikja - Tilap.	35
Veidifélag Eystri-Rangár - klak- og seiðastöð fyrir villtan lax - hafbeit	Laugum	Ytri Rángárþ.	Lax	10
Fagradalsbleikja ehf. - áframeldi	Fagradal	Mýrdalshrepp	Bleikja	10
Kjarnableikja ehf. - áframeldi	Höf II, Lækjarhús	Skaftárhreppi	Bleikja	< 5
Icelandic Glacier Charr ehf.	Tungulæk	Skaftárhreppi	Bleikja	10
Klausturbleikja ehf. - áframeldi - Fishproducts Iceland rekur og á.	Teygingalæk Brunas.	Skaftárhreppi	Bleikja	50
Lindarfiskur ehf. - áframeldi	Eldvatnsbotnum	Skaftárhreppi	Bleikja	< 5
Jöklableikja ehf. - seiða- og áframeldi	Hala II Suðursveit	Svf. Hornaf.	Bleikja	< 5
Heimild: Matvælastofnun Síðast uppfært: 15. ágúst 2014		Samtals eru þetta 21 starfsstöð		

Helstu kostir Suðurlands eru aðgengi að miklu lindarvatni og jarðhita og landfræðilegar aðstæður til að koma fyrir ódýru einföldu eldisrymi í langkerjum.

Þeir sem hafa áhuga á þessu málefni ættu að kynna sér ofanefnda skýrslu. Einnig er mjög mikið fræðsluefni á vef Landssambands fiskeldisstöðva – www.lfh.is.

